

**Afstaða viðskiptaráðuneytis til
tillagna efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis svo og
ýmissa umsagnaraðila um breytingar á
frumvarpi til laga um viðskiptabanka- og sparisjóði**

I. Viðskiptaráðuneytið fellst á eftirfarandi tillögur og athugasemdir, og leggur jafnframt fram tillögur um viðbótargreinar við frumvarpið:

Viðbótargreinar við frumvarpið

Í samvinnu við bankaeftirlit hefur verið unnið að tillögum um viðbætur við frv. vegna ákvæða tilskipunar 95/26/ESB (s.n. "Post BCCI"-tilskipun). Hér á eftir er að finna tillögur um nokkrar viðbótargreinar við frv. til þess að aðlaga innlend lagaákvæði að framangreindri tilskipun. Þess má geta að tillögur hér á eftir hafa ekki verið samræmdar að orðalagsbreytingum sem gerðar hafa verið á sambærilegum tillögum sem hafa verið settar fram í frv. til verðbréfavíðskipta, enda liggur ekki fyrir endanleg afstaða hjá efnahags- og viðskiptanefnd um þau atriði. Rétt er að orðalag verði samræmt eftir því sem unnt er þegar að endanleg niðurstaða liggur fyrir. Ennfremur er að finna viðbótarákvæði við 16. gr. frv. varðandi rétt erlendra útibúa til þátttöku í innlendum innlánaþryggingakerfum.

1. gr. frumvarpsins

Inn í frv. bætist við grein vegna tilsk. 95/26/ESB.

Í 1. gr. frumvarpsins komi nýr c-liður en núverandi c-liður verði d-liður. Hinn nýi c-liður orðist svo:

Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Með umsókn skulu, auk upplýsinga samkvæmt 2. mgr., fylgja gögn um náin tengsl stofnunar við einstaklinga eða lögaðila. Með nánum tengslum er átt við bein eða óbein yfirráð fyrirtækis yfir 20% af eiginfé eða atkvæðamagni í öðru fyrirtæki. Einnig er átt við tengsl dótturfyrirtækis og móðurfyrirtækis að öðru leyti skv. 2. og 3. mgr. 66. gr. eða sambærileg tengsl eins eða fleiri lögaðila eða einstaklinga við fyrirtæki.

ný 2. gr. frumvarpsins

Inn í frv. bætist við grein vegna tilsk. 95/26/ESB.

Í frumvarpið komi ný grein sem orðist svo:

Við 5. gr. bætist ný málgrein, svohljóðandi:

Viðskiptabanki eða sparisjóður sem sækir um starfsleyfi skv. 4. gr., skal hafa höfuðstöðvar sínar hér á landi.

ný grein er verði 5. gr. frumvarpsins

Inn í frv. bætist við grein vegna tilsk. 95/26/ESB.

Í frumvarpið komi ný grein sem orðist svo:

Við 25. gr. bætist ný málsgrein, 2. mgr., sem orðist svo:

Ráðherra er og heimilt að synja um umsókn um starfsleyfi ef náin tengsl viðskiptabanka eða sparisjóðs við einstaklinga eða lögaðila eða lög og reglur sem um þá aðila gilda, geta að mati bankaeftirlits hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum.

8. gr frumvarpsins

Ráðuneytið fellst á eftirfarandi tillögu Seðlabanka Íslands um breytingu á 8. gr. frv:

a.

Í stað 2. mgr. 54. gr. laganna (8. gr. frv.) komi eftirfarandi:

“Við útreikning á eiginfjárlutafalli samkvæmt 1. mgr. skal eigið fé samsett af þremur þáttum, eiginfjárbætti A, eiginfjárbætti B og eiginfjárbætti C og frádráttarliðum samkvæmt 55. gr. Eftirfarandi takmarkanir gilda um einstaka eiginfjárbætti:

1. Eiginfjárbáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár fyrir frádrátt samkvæmt 55. gr.

2. Eiginfjárbáttur B má hæst nema 50% af eiginfjárbætti A.

3. Eiginfjárbáttur C má hæst nema 50% af eiginfjárbætti A. Jafnframt má eiginfjárbáttur C hæst nema 4.8% af reiknuðum áhættugrunni viðskiptabanka eða sparisjóðs vegna markaðsáhættu liða í velutbók og gengisáhættu.”

b.

Í stað 2. tl. 4. mgr. 8. gr. frv. (sbr. 54. gr. laganna) komi eftirfarandi:

“2. Endurmatsreikningur annar en gert er ráð fyrir í eiginfjárbætti A.”

c.

Í stað 5. mgr. 8. gr. frv. (54. gr. laganna) komi eftirfarandi:

“Eiginfjárbáttur C tels vera víkjandi lán til skamms tíma sem viðskiptabanki eða sparisjóður tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en tvö ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs eða slit hans fáist það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur viðskiptabankanum eða sparisjóðnum en endurgreiðsla hlutafjár eða stofnfjár eða sambærilegs eigin fjár ríkisviðskiptabanka. Jafnframt skal kveðið á um að óheimilt sé að greiða af láninu eða greiða af því vexti ef eiginfjárlutafall hlutaðeigandi viðskiptabanka eða

sparisjóðs er lægra en 8% eða ef endurgreiðsla höfðurstóls eða greiðsla vaxta veldur því að eiginfjárlutfallið fer niður fyrir 8%. Tilkynna skal bankaeftirlitinu ef slík greiðsla veldur því að eiginfjárlutfallið fer niður fyrir 10%. Við mat á eiginfjárbætti C getur bankaeftirlitið heimilað einstökum viðskiptabönkum eða sparisjóðum að tekið sé tillit til hagnaðar af veltubókarviðskiptum að frádreginni fyrirsjáanlegri gjaldfærslu eða arði og að frádregnu nettó tapi af annarri starfsemi enda sé engin þessara fjárhæða meðalin í eiginfjárbætti A.“

Um greinargerð fyrri framangreindum breytingum þá vill ráðuneytið vísa til umsagnar Seðlabanka Íslands.

10. gr. frumvarpsins

Með hliðsjón af ábendingu frá álitsnefnd félags löggiltra endurskoðenda, og jafnframt með hliðsjón af breytingum sem gerðar hafa verið á frumvarpi um verðbréfavíðskipti, þá telur ráðuneytið eðlilegt að bætt verði í 10. gr. frv. a-lið sem hljóði svo:

- a. Á eftir orðinu “efnahagsreikning” í 2. másl. 1. mgr. 56. gr. komi:
fjárstreymisyfirlit.

Til samræmis verði einnig breytt upptalningu í 3. mgr. 57. gr. laganna ef framangreind breyting er samþykkt.

Núverandi texti í 10. gr. verði b-liður 10. gr. frv.

11. gr. frumvarpsins

Að nokkru með hliðsjón af athugasemdum frá álitsnefnd félags löggiltra endurskoðenda þá telur ráðuneytið eðlilegt að í 11. gr. frv. verði bætt orðunum “að höfðu samráði við reikningsskilaráð”, þannig að 3. mgr. 57. gr. laganna orðist því svo:

Bankaeftirlitið setur reglur að höfðu samráði við reikningsskilaráð um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða rekstrar-og efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreiknings og skýringar og mat á einstökum liðum.

13. gr. frumvarpsins

Inn í frv. bætist við grein vegna tilsk. 95/26/ESB.

Í 13. gr. frumvarpsins komi nýr a-liður svohljóðandi:

5. mgr. 62. gr. orðist svo:

Verði endurskoðendur varir við verulega ágalla í rekstri viðskiptabanka eða sparisjóðs eða atriði er varða innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi stofnunar, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um stofnunina hafi verið brotnar, skal endurskoðandi gera stjórn hennar og bankaeftirliti viðvart (Sp. um tryggingarsjóð sparisjóða). Þetta á

einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi viðskiptabanka eða sparisjóðs fær vitneskju um og varða fyrirtæki í nánum tengslum við hlutaðeigandi stofnun, sbr. 3. mgr. 4. gr. Ákvæði þessarar málsgreinar brjóta ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðenda skv. 43. gr. laga þessara eða ákvæði annarra laga.

20. gr. frumvarpsins

Inn í frv. bætist við grein vegna tilsk. 95/26/ESB.

Í 20. gr. frumvarpsins komi nýr c-liður svohljóðandi:

c. Nýr töluliður 6. töluliður bætist við, og verður svohljóðandi: sé það mat bankaeftirlits að nán tengsl viðskiptabanka eða sparisjóðs við einstaklinga eða lögaðila eða lög og reglur sem um þá aðila gilda, geti hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum og viðskiptabanki eða sparisjóður hefur ekki sinnt athugasemdum bankaeftirlitsins þar að lútandi.

II. Viðskiptaráðuneytið mælir gegn eftirfarandi tillögum og ábendingum:

2. gr. frumvarpsins

Ráðuneytið getur ekki fallist á tillögur frá Verslunarráði Íslands og Íslandsbanka h.f. um að ríkisviðskiptabönkum verði gert skylt að leita eftir heimild Alþingis til að taka víkjandi lán. Í frumvarpinu er lagt til að fenginni tillögu Seðlabanka Íslands, að ákvæði um þetta efni verði fellt úr gildandi lögum nr. 43/1993. Eins og fram kemur í greinargerð þá er ríkisviðskiptabönkum heimilt að taka lán með margs konar hætti, án þess að leitað sé eftir samþykki Alþingis. Ráðuneytið telur að ekki sé ástæða til þess að falla frá upphaflegri tillögu um þetta efni.

11. gr. frumvarpsins

Í umsögn Verslunarráðs Íslands og Sambands íslenskra viðskiptabanka er lagt til að 11. gr. frv. verði breytt þannig að ráðherra setji reglur um gerð ársreiknings fremur en bankaeftirlit Seðlabanka Íslands. Ráðuneytið telur að eðlilegast sé að fela Seðlabanka Íslands að setja slíkar reglur og er sú framkvæmd þekkt í ýmsum ákvæðum er varða fjármagnsmarkaðinn. Nauðsynlegt er að í lögum sé kveðið skýrt á um hvaða aðili skuli setja reglur um gerð ársreiknings en núverandi 3. mgr. 57. gr. laga nr. 43/1993 kveður ekki skýrt á um þetta. Sú breyting sem lögð er til í 11. gr. frv. er til þess að taka af tvímæli um þetta atriði en rétt er og eðlilegast að Seðlabanki Íslands hafi forgöngu um gerð slíkra reglna og setji þær.

13. gr. frumvarpsins

Ráðuneytið getur ekki fallist á að fellt verði út ákvæði í a.-lið 13. gr. frv. eins og álitsnefnd fél. lögg. endurskoðenda hefur lagt til. Þetta eru leiðbeinandi reglur og æskilegt fyrir stofnanir að slíkar fyrirmyndir að áhættustýringar reglum séu til.

Varðandi b.-lið 13. gr. frv. er verið að kveða skýrt á um það hvaða aðili skuli setja þessar reglur en samráð hefur verið tryggt í sömu grein laganna. Ekki er því fallist á sjónarmið álitsnefndarinnar varðandi þetta atriði.

Loks er eðlilegt að fella brott 9. mgr. 62. gr. ef samþykkt er að kveða skýrt á um það að stjórnvald (bankaeftrilit) setji reglur, sbr. aths. hér á undan.

* * *

Málefni tryggingarsjóða banka og sparisjóða

Í 16. gr. frv. eru lagðar til breytingar í samræmi við tilskipun ESB um innlánatryggingarkerfi (tsk. 94/19/EB). Jafnframt er lagt til að tryggingarsjóður viðskiptabanka og tryggingarsjóður sparisjóða verði sameinaðir. Ákvæði frv. og athugasemdir sem borist hafa þarfnast nánari skoðunar en hér á eftir er að finna fyrstu drög að afstöðu ráðuneytisins varðandi 16. gr. frv.

I. Viðskiptaráðuneytið fellst á eftirfarandi tillögur og athugasemdir, og leggur jafnframt fram tillögur um viðbótargreinar við frumvarpið:

16. gr. frumvarpsins
b. (76. gr.)

Ráðuneytið telur einnig rétt að tekið sé tillit til tillögu Sambands íslenskar sparisjóða og að við 16. gr. b bætist við ný málsg. er verði 6. mgr., svohljóðandi:

Tryggingasjóður innlánsstofnana verður ekki tekinn til gjaldþrotaskipta. Óheimilt er að gera aðför í sjóðnum.

16. gr. frumvarpsins
c. (77. gr.)

Ráðuneytið getur fallist á tillögu Samb. ísl. sparisjóða um að við 3. mgr. bætist:

”svo og innstæður dóttur eða móðurfélags þessara stofnana”

Jafnframt telur ráðuneytið það vera til bóta að hafa uppsetninguna þannig að þau tvö meginatriði sem greinin kveður á um verði felld undir lið a. og b. sbr. uppsetningu í till. Samb. ísl. sparisjóða. Ekki er þó fallist á að undanþegnar skuli vera innstæður sem njóta óvanalegar hárra vaxta, o.s.frv. Lagt er því til að 3. mgr. verði með þeim

hætti sem Samb. sparisj. hefur lagt til að undanskildum b. liðnum. þ.e. um óvanalega háa vexti.

**16. gr frumvarpsins
d. (78.gr)**

Ráðuneytið telur að nánar þurfi að athuga þá athugasemd sem kemur fram í umsögn Verslunarráðs Íslands um deildaskiptingu sjóðsins og lánveitingar úr lánadeild hans. Ráðuneytinu hefur ekki gefist tími til að móta afstöðu varðandi þetta atriði að svo stöddu.

**16. gr. frumvarpsins
e.(79. gr.)**

Ráðuneytið hefur að undanfögnu rætt við fulltrúa SÍV, Sambands íslenskra sparisjóða og bankaeftirlitið um ákvæði 16. gr.e í fyrirbyggjandi frumvarpi. Aðilar hafa orðið sammála um til bráðabirgða eftirfarandi orðalag, en jafnramt áskilið sér rétt til að koma með frekari athugasemdir síðar. Miðað er við að sá texti sem hér er á eftir komi í stað þess texta sem er að finna í 16. gr.e í frv:

Stefnt skal að því að heildareign innstæðudeildar Tryggingarsjóðs innlánsstofnana nemi a.m.k. 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Hafi heildareign ekki náð lágmarki skv. 1. málsl. skulu allir viðskiptabankar og sparisjóðir greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til sjóðsins er nemur 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári, sbr. þó hámark skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar. Þar til heildareign deildarinnar hefur náð tilskildu lágmarki skal hver viðskiptabanki og sparisjóður leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu fyrir jafnháum hlut af þeirri fjárhæð sem á vantar til að lágmarkinu hafi verið náð og nemur hlut tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði af samanlögðum tryggðum innstæðum. Nýr viðskiptabanki eða sparisjóður skal greiða sérstaklega til sjóðsins 1. mars ár hvert í sjö ár frá því hann hefur starfsemi hér á landi 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári, í fyrsta sinn fullu ári eftir upphaf starfseminnar. Auk þess leggur hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður fram ábyrgðaryfirlýsingu fyrir mismun á greiðslu til sjóðsins og lágmarki skv. 1. málsl. þessarar greinar skv. nánari ákvæðum er ráðherra setur í reglugerð. Greiðslur til sjóðsins eru óendurkræfar.

Nú hrökkva eignir Tryggingarsjóðs innlánsstofnana ekki til þess að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði og skal þá greiðslu úr sjóðnum skipt þannig milli innstæðueigenda að heildarinnstæða hvers innstæðueiganda allt að 1,7 milljónum króna er bætt að fullu en allt sem umfram er þessa fjárhæð skal bætt hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir sjóðsins hrökkva til. Fjárhæð þessi skal bundin við gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU miðað við kaupgengi hennar 3. janúar 1995. Sjóðurinn verður ekki krafinn um frekari greiðslu þótt innstæða hafi ekki verið bætt að fullu. Kröfur um innborgun í sjóðinn á grundvelli ábyrgðaryfirlýsinga geta á hverju ári ekki verið hærri en sem nemur einum tíunda hluta af lágmarksstærð sjóðsins skv. 1. mgr. þessarar greinar. Telji stjórn

sjóðsins brýna ástæðu til er henni heimilt að taka lán til að greiða innstæðueigendum hrökkvi eignir sjóðsins ekki til.

Komi til greiðslu úr Tryggingarsjóði innlánsstofnana yfirtekur hann kröfu innstæðueiganda á hendur hlutaðeigandi viðskiptabanka, sparissjóði eða protabúi.

Viðbótargrein við frumvarpið

16. gr. b (ný)

Ráðuneytið telur að nauðsynlegt sé að taka betur til greina þau ákvæði tilskipunar 94/19/EBE, um innlánatryggingakerfi, er varða aðild erlendra útibúa að innlánatryggingakerfi hér á landi. Lagt er til að bætt verði nýrri grein við frumvarpið er hljóði svo:

b. (75. gr. A):

Útibú erlendra viðskiptabanka og sparissjóða með staðfestu í öðru ríki á hinu Evrópska efnahagssvæði og starfa hér á landi er heimil aðild að Tryggingarsjóði innlánsstofnana.

Útibú erlendra viðskiptabanka og sparissjóða sem hafa staðfestu utan hins Evrópska efnahagssvæðis og starfa hér á landi skulu vera aðilar að Tryggingarsjóði innlánsstofnana ef útibúið er ekki aðili að sambærilegu innlánatryggingakerfi í heimaríki sínu.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um aðild útibúa erlendra viðskiptabanka og sparissjóða að Tryggingarsjóði innlánsstofnana svo og um þær viðbótartryggingar sem útibú þurfa til þess að geta starfað hér á landi. Um iðgjöld og greiðslur vegna trygginga samkvæmt þessari grein skal nánar kveðið á um í reglugerð.

Í því tilviki að efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fallist á framangreinda tillögu þá er eðlilegt að fella út 1. og 2. tl. 4. mgr. í 16. gr. c (77. gr.) frumvarpsins.

Jafnframt breytast númer greina til samræmis við breytinguna.

II. Viðskiptaráðuneytið mælir gegn eftirfarandi tillögum og ábendingum:

16. gr frumvarpsins

b (76.gr)

Ráðuneytið getur ekki fallist á tillögu SÍV varðandi atkvæðvægi og skipun stjórnar í Tryggingarsjóði innlánsstofnana.

16. gr frumvarpsins

c (77.gr)

Ráðuneytið getur ekki fallist á tillögu Samb. ísl. sparisjóða um að við þessa grein bætist ný 2. mgr. Kröfur viðskiptabanka eða sparisjóðs á hendur innstæðueigendum verða tekna til úrlausnar við gjaldþrot viðkomandi innlánsstofnunar. Greiðslur úr Tryggingarsjóði innlánsstofna geta komið mun fyrr og fara fram óháð gjaldþrotaskiptum. Ekki er því talið unnt að fallast á tillögunu.

***16. gr. frumvarpsins
g (81.gr)***

Ráðuneytið getur ekki fallist á tillögur SÍV varðandi endurgreiðslur til viðskiptabanka úr Tryggingarsjóði viðskiptabanka.
